



LÝÐHEILSU- OG ÆSKULÝÐSNEFND HRUNAMANNAHREPPS

15. fundur Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar Hrunamannahrepps haldinn miðvikudaginn 28. ágúst 2024 í fjarfundi kl. 20.00

Fundinn sátu: Sigfríð Lárusdóttir, formaður, sem setti fund og stjórnaði. Einnig sátu fundinn Ragnheiður Björg Magnúsdóttir nefndarmaður og Heimir Sigurðsson nefndarmaður.

1. Undirbúningur fyrir Heilsuviku Hrunamannahrepps sem haldin verður vikuna 16. – 22. September.
 - a. Drög að stundatöflu gerð fyrir heilsuviku
 - b. Hvetja veitingastaði til að taka þátt og vera með tilboð á heilsusamlegum réttum
 - c. Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd fyllir uppí dagskrá með fjallgöngu og hlaupaæfingu
2. Ungmennaráð
 - a. Allir nefndarmenn ætla að sitja áfram
3. Miðstigs Frístund
 - a. Skemmtilegt að byrja 1 – 2 x í viku. Hægt að samnýta svæði með félagsmiðstöðinni þannig að krakkar í 5. – 7. bekk hafi afdrep meðan þau bíða eftir að komast á æfingu eða til að hafa félagsskap af hvort öðru. Myndi styðja við félagsþroska og samskipti barna á þessum aldri.
4. Frístund byrjar í byrjun ágúst á sama tíma og leikskóli hefst.
 - a. Næsta vetur er von á mörgum börnum í fyrsta bekk og eru foreldrar með áhyggjur hvernig þau eigi að skipuleggja sig fyrir næsta sumar. Hugmynd með að frístund fyrir grunnskólabörn í 1. – 4. bekk myndi byrja á sama tíma og leikskóli hefst eftir sumarfrí.
5. Frístund í júní fyrir miðstigsbörn
 - a. Ósk kom frá foreldrum um að hafa frístund/vinnuskóla fyrir börn í 5. – 7. bekk næsta sumar í júní. Hægt væri að nýta þessi börn í að aðstoða við frístund yngri barna ásamt því að hafa smá dagskrá fyrir þau. Hálfur dagur væri frábær fyrir þennan aldurshóp.

Fundi slitið kl.21.10